

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir Austurveg, Eyjabýggð og Búðartanga, Hrísey.*  
Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 20. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Austurveg, Eyjabýggð og Búðartanga.

Breytingin tekur til Austurvegs 15-21 og felur í sér að lóðir við Austurveg 15 og 17 stækki lítillega og heimilt verði að byggja parhús eða fjórbýlishús á tveimur hæðum í stað einbýlis líkt og núverandi skipulag gerir ráð fyrir. Samtímis fer hámarksbyggingarmagn úr 120 m<sup>2</sup> upp í 360 m<sup>2</sup>. Lóðir við Austurveg 19 og 21 verða áfram einbýlishúsaloðir en minnka lítillega. Hámarksbyggingarmagn fer úr 180 m<sup>2</sup> upp í 300 m<sup>2</sup>.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 26. ágúst 2024,*

**Rebekka Rut Þórhallsdóttir**, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 9. september 2024